

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6.09. 2016

Efni: Umsögn um 749. mál, frumvarp til laga um námslán og námsstyrki

Undirrituð er miðaldra námsmaður, lántaki og greiðandi námslána. Er borgari í samfélaginu sem er umhugað um að meginreglur laga séu hafðar í heiðri og að lagasetning á Alþingi byggji á umhverfi okkar allra sem landið búum en ekki bara hlið ríkisvaldsins.

Námsmenn eiga að geta gengið að því vísu hvaða umhverfi stendur þeim til boða þegar þeir taka ákvörðun um nám. Biðla til alþingismanna að hafa þá hugsun í forgrunni þegar þeir taka ákvörðun um að breyta lagaumhverfinu hvað varðar námslán.

Fór sjálf á miðjum aldri í nám í upphafi þessa árs. Leitaði til Lánasjóðsins til að fá upplýsingar um hversu margar einingar ég þyrfti að taka til að fá fullt námslán. Leitaði að þeim upplýsingum á netinu en fann þær ekki hvernig sem ég leitaði. Ákvað að spyrja. Spyrja LÍN hvað ég þyrfti að taka margar einingar til að fá fullt námslán. Fékk ekki svar, fékk „copy – paste“ texta af heimasíðu Lánasjóðsins. Skýrt svar fékk ég ekki fyrr en að útgreiðslu lánsins kom en þá var upphæðin skert mjög frá upphaflegri lánsáætlun á þeim grunni að einingar hefðu ekki verið nægilega margar. Afrit af samskiptunum eru meðfylgjandi þessari umsögn. Spyr alþingismenn þeirrar spurningar hvort að þetta sé lagaumhverfi sem þeir vilja stuðla að að viðhalda?

Hafði ekki innkomu og óskaði á þeim grunni eftir frestun á greiðslu fyrri námslána. Fékk þau svör að engin lagaheimild væri til staðar til frestunar námslána á þeim grunni að vera aftur orðin lánþegi. Eini möguleikinn til að fá frestun greiðslu væri að eiga við mikla fjárhagserfiðleika að etja. Sækja þyrfti um frestun á greiðslu afborgana í hvert skipti.

Samskipti sem gera mér ljóst að kerfið er ekki til fyrir mig. Ég er til fyrir kerfið og á að haga mér eins og kerfinu þóknast. Biðla til alþingismanna að breyta þessu þegar að því kemur að þeir taka ákvörðun um að breyta lagaumhverfi námslána. Hvort sem þetta frumvarp verður grundvöllur að því eða annað frumvarp síðar.

Lög eru fyrir okkur borgarana að fara eftir og eiga að vera skýr og aðgengileg til að gera okkur það kleift. Þá eiga þau að gefa skýr fyrirmæli til stjórnvinstofnunar þeirrar sem um ræðir, í þessu tilfalli, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvaða reglum honum er gert að fylgja. Þetta lagaumhverfi sem ég lýsi hér að ofan er lagaumhverfi geðþóttavalds þar sem einstaklingurinn er meðhöndlaður sem þræll ríkisins. Einstaklingurinn veit ekkert að hvaða umhverfi hann gengur. Veit það eitt að ríkisvaldið hefur vald yfir honum sem það getur beitt að eigin geðþótta.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar virðist samið með hagsmuni ríkisvaldsins í forgrunni og það er sem rauður þráður í gegnum allt frumvarpið. Er með þessari umsögn biðlað

Signý Sigurðardóttir
Stórholti 19
105 Rvík

sérstaklega til alþingismanna að veita því athygli og sjá til þess að við við þeim vilja ríkisvaldsins verði ekki orðið.

Þessi setning „Lánasjóði íslenskra námsmanna er heimilt að útfæra nánar í úthlutunarreglum“ kemur fyrir í næstum hverri einustu lagagrein frumvarpsins, orðuð með mismunandi hætti. Það þýðir á mannamáli að Lánasjóði íslenskra námsmanna er fært einhliða vald um það hvaða meginreglur gilda á sviðinu frá ári til árs. Það er lögfesting geðþóttavalds.

Virðingarfyllst,
Signý Sigurðardóttir

Stórholti 19
105 Reykjavík



Meðfylgjandi:

Afrit af samskiptum við Lánasjóð íslenskra námsmanna 2016

From: Signy Sigurdardottir signy.sigurdardottir@gmail.com
Subject: Lágmarkseiningafjöldi á önn til að teljast lánehæf?
Date: 10 Mar 2016 11:28
To: lin@lin.is



Góðan daginn.

Hyggst klára BS gráðu á einu ári og skrifa BS ritgerð að sumri ásamt því að taka þá áfanga sem krafist er til að lágmarkseiningafjöldi sé náð.
Hver er lágmarkseiningafjöldi á önn til að fá fullt námslán?

Fyrirfram þakkir og bestu kveðjur,
Signý Sig.

070763-4359

From: lin@lin.is
Subject: Re: Lágmarkseiningafjöldi á önn til að teljast láns hæf?
Date: 11 Mar 2016 15:29
To: Signy Sigurdardottir signy.sigurdardottir@gmail.com



Góðan daginn Signý

Almennt

Miðað er við að fullt nám sé 60 ECTS-einingar á námsári eða sambærilegt.

ECTS-einingakerfið er notað víðast í Evrópu. Þar sem ECTS-einingakerfi er ekki við lýði umreiknar LÍN viðkomandi einingakerfi yfir í ECTS-einingar.

Til að fá greitt út námslán þarf að ljuka að minnsta kosti 22 ECTS einingum á önn eða samsvarandi. Einingarkrofur í quarter-skólum eru 15 einingar á önn að lágmarki.

Með kveðju f.h. LÍN,
Oddný



Upplýsingar Á vefsvæðinu www.lin.is er að finna almennar upplýsingar um námslán og jöfnunarstyrki, umsóknir, úthlutunarreglur og afborganir námslána. [Mitt svæði](#) er einkavefsvæði viðskiptavina LÍN. Þar geta námsmenn og greiðendur sent inn umsóknir og séð persónulegar upplýsingar um stöðu námslána sinna.

Fyrirvari Þessi tölvupóstur og viðhengi gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar, eir göngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafi sending þessi ranglega borist yður, vinsamlegast tilkynnið sendanda það, gætið fyllsta trúnaðar og eýðileggið sendinguna.

Signy Sigurdardottir
<signy.sigurdardottir@gmail.com>

Tolin@lin.is

cc

03/10/2016 11:45 AM

Subject: Lágmarkseiningafjöldi á önn til að teljast láns hæf?

Góðan daginn.

Hyggst klára BS gráðu á einu ári og skrifa BS ritgerð að sumri ásamt því að taka þá áfanga sem krafist er til að lágmarkseiningafjöldi sé náð. Hver er lágmarkseiningafjöldi á önn til að fá fullt námslán?

Fyrirfram þakkir og bestu kveðjur,
Signý Sig.

070763-4359



Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Upphæð útláns sem byggir á einingafjölda?

2 messages

Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Wed, May 18, 2016 at 11:48 AM

To: lin@lin.is

Góðan daginn

Sótti um námslán í gegnum tölvukerfi LÍN úr heimabanka mínum í Arionbanka og óska eftir afriti af því ferli frá Lánasjóðnum en umsóknarferlið er ekki aðgengilegt fyrir mig lengur. Óska vinsamlegast eftir afritum af hverri síðu umsóknarferlisins.

Óska eftir því til að átta mig á hvernig ég átti að átta mig á að úthlutunarreglur sjóðsins byggji á einingafjölda. Hóf nám sem byggði á 24 einingum og stóðst þær. Fæ námslán sem er 149.148 krónum lægra en ég reiknaði með sbr. útlánaáætlun og úthlutun meðfylgjandi.

Hef getið þess í umsókn að ég hygðist klára 30 einingar og þarf að átta mig á hvernig það hefur komið til þar sem það var aldrei meiningin.

Óska upplýsinga um hvernig ég átti að vita þetta?

Leitaði upplýsinga hjá sjóðnum í tölvupósti 10 mars um hver væri lágmarkseiningafjöldi til að fá fullt lán og fékk svar sem sjá má hér að neðan að til að fá greitt út námslán þurfi að ljúka að minnsta kosti 22 ECST einingum.

Fæ núna þær upplýsingar útlán byggji á einingafjölda og langar að vita hvernig maður eigi að átta sig á því?

Getið þið vísað í upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar þar sem þetta kemur skýrt fram?

Með fyrirfram þökkum og bestu kveðju,
Signý Sig.

Kt.070763-4359

----- Forwarded Message -----

Subject: Re: Lágmarkseiningafjöldi á önn til að teljast lánshæf?

Date: Fri, 11 Mar 2016 15:29:12 +0000

From: lin <lin@lin.is>

To: Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Góðan daginn Signý

Almennt

Miðað er við að fullt nám sé 60 ECTS-einingar á námsári eða sambærilegt .

ECTS-einingakerfið er notað víðast í Evrópu þar sem ECTS-einingakerfi er ekki við lýði umreiknar LÍN viðkomandi einingakerfi yfir í ECTS-einingar.

Til að fá greitt út námslán þarf að ljúka að minnsta kosti 22 ECTS einingum á önn eða samsvarandi. Einingarkröfur í quarter-skólum eru 15 einingar á önn að lágmarki.

Með kveðju f.h. LÍN,
Oddný

Upplýsingar Á vefsvæðinu www.lin.is er að finna almennar upplýsingar um námslán og jöfnunarstyrki, umsóknir, úthlutunarreglur og afborganir námslána. Mitt svæði er einkavefsvæði viðskiptavina LÍN. Þar geta námsmenn og greiðendur sent inn umsóknir og séð persónulegar upplýsingar um stöðu námslána sinna.

Fyrirvari þessi tölvupóstur og viðhengi gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar, eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafi sending þessi ranglega borist yður, vinsamlegast tilkynnið sendanda það, gætið fyllsta trúnaðar og eyðileggið sendinguna.

Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

03/10/2016 11:45 AM

To



Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

lánsáætlun

1 message

Bárður Steinn Róbertsson <bardur@lin.is>
To: signy.sigurdardottir@gmail.com

Wed, May 18, 2016 at 10:37 AM

Sæl, hér er upphafleg áætlun. Allar lánsáætlanir miðast við umsóttan einingafjölda hjá námsmanni. Námsmaður telst vera í fullu námi, ljúki hann 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á skólaárinu. Ljúki námsmaður færri einingum, fær hann afgreitt lán í samræmi við reglur um loknar einingar.

| | |
|----------------------------|---------------------------------|
| Nafn: Signý Sigurðardóttir | Námsár-Ferilnúmer: 2015-4 |
| Staða: Umsókn um lán | Dagsetning umsóknar: 04.01.2016 |

| | | | |
|--|---------------|-------------------|------------------------|
| Útreikningsdagur: 23.03.2016 | | | |
| Nýr útreikningur pantaður: | | | |
| Sundurliðun í útreikningsmynt námslands (ISK) | | | |
| | Áætlað vor | Áætlun samtals | Afgreitt |
| Sótt um: | 30 | 30 | |
| Loknar einingar: | | | |
| Lánseiningar: | 30 | 30 | 0 |
| Framfærslulán: | 745.740 | 745.740 | 0 |
| Bókalán: | | | 0 |
| Skólagjaldalán: | 216.000 ** | 216.000 | 216.000 |
| Ferðalán: | 20.000 | 20.000 | 0 |
| Meðlagslán: | | | 0 |
| Önnur lán: | | | 0 |
| Námislán samtals: | 981.740 | 981.740 | 216.000 |
| | | | Áður afgreitt: 216.000 |
| | | | Lán til afgreiðslu: 0 |

** Fyrirfram greitt skólagjaldalán

Nafn: Signý Sigurðardóttir

Námsár-Ferilnúmer: 2015-4

Staða: Umsókn um lán

Dagsetning umsóknar: 04.01.2016

Útreikningsdagur: 23.03.2016

Nýr útreikningur pantaður:

Sundurliðun í útreikningsmynt námslands (ISK)

| | Áætlað vor | Áætlun samtals | Afgreitt |
|------------------|---------------|-------------------|----------|
| Sótt um: | 30 | 30 | |
| Loknar einingar: | | | |
| Lánseiningar: | 30 | 30 | 0 |
| Framfærslulán: | 745.740 | 745.740 | 0 |
| Bókalán: | | | 0 |
| Skólagjaldalán: | 216.000 ** | 216.000 | 216.000 |
| Ferðalán: | 20.000 | 20.000 | 0 |
| Meðlagslán: | | | 0 |
| Önnur lán: | | | 0 |
| Námslán samtals: | 981.740 | 981.740 | 216.000 |

Áður afgreitt: 216.000

Lán til afgreiðslu: 0

** Fyrirfram greitt skólagjaldalán

Útreikningsdagur: 11.05.2016

Nýr útreikningur pantaður:

Sundurliðun í útreikningsmynt námslands (ISK)

| | Staðfest Vor | Áætlað Samtals | Afgreitt |
|---------------------------|-----------------|-------------------|----------|
| Umsóttar einingar (ECTS): | 30 | 30 | |
| Staðnar einingar (ECTS): | 24 | 24 | |
| Lánseiningar (ECTS): | 24 | 24 | 24 |
| Framfærslulán: | 596.592 | 596.592 | 596.592 |
| Skólagjaldalán: | 216.000 | 216.000 | 216.000 |
| Ferðalán: | 20.000 | 20.000 | 20.000 |
| Meðlagslán: | | | 0 |
| Önnur lán: | | | 0 |
| Námslán samtals: | 832.592 | 832.592 | 832.592 |

Áður afgreitt: 832.592

Lán til afgreiðslu: 0



Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Upphæð útláns sem byggir á einingafjölda?

1 message

Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Mon, May 23, 2016 at 12:10 PM

To: lin@lin.is

Góðan daginn og takk fyrir neðangreint svar.

Óska vinsamlegast eftir afriti af staðlaðri umsókn um lán þar sem einingafjöldi á önn kemur fram. Afriti af umsóknarforminu sem boðið var upp á vegna vorannar 2016.

Spyr jafnframt hvenær megi áætla að lánsáætlun vegna sumarannar verði liggja fyrir?

Bestu kveðjur,
Signý Sig.

kt. 070763-4359

----- Forwarded Message -----

Subject:Re: Upphæð útláns sem byggir á einingafjölda?

Date:Thu, 19 May 2016 09:21:52 +0000

From:Nótt Aradóttir <nottaradottir@lin.is>

To:Signy Sigurdardottir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Sæl Signý

Ég get því miður ekki skoðað lánsúmsóknina eins og hún kemur fram á vefnum, hins vegar er skýrt í grein 2.2. í úthlutunarreglum sjóðsins að greitt er vegna lokinna eininga, allt að 30 einingum. Ég læt fylgja með skjáskot úr úthlutunarreglum Sjóðsins fyrir námsárið 2015-2016 sem og skjáskot af heimasíðu LÍN þar sem það kemur fram að greitt er miðað við einingafjölda.

2.2. Lánshæfar einingar

Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri eða samsvarandi hlutfalli á önn í fjórðungaskólum í einum námsferli. Einungis er heimilt að veita lán til náms í tveimur eða fleiri námsferlum á sömu önn ef námsmaður er að ljúka grunnháskólanámi og hefur fengið leyfi skóla til að hefja meistaranám í sama fagi. Sama gildir þegar námsmanni er gert af skóla að bæta við sig námskeiðum í lánshæfu grunnháskóla-námi samhliða meistaranámi. Þessi heimild er háð því að námsmaður hafi ekki áður fullnýtt svigrúm sitt til námslána skv. gr. 2.3.

Ljúki námsmaður 22 - 30 ECTS-einingum á misseri á hann rétt á lani vegna lokinna eininga, þ.e. allt að 30 einingum

Einungis er lán að einu sinni fyrir hverja lokna einingu nema í námi þar sem fjöldatakmörkanir eru, sbr. gr. 2.4.1.

► [Námsmenn](#) ► [Framfærslulán](#)

Framfærslulán

Grunnframfærsla

- **Framfærsla námsmanns** í leigu- eða eigin húsnæði kallast grunnframfærsla.
- Grunnframfærsla á Íslandi námsárið 2015-2016 er 165.717 kr. á mánuði eða 24.858 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem námsmaður lýkur. Grunnframfærsla miðar við einhleypan námsmann í leigu- eða eigin húsnæði.
- Fullt lán fyrir námsmann í foreldrahúsnæði er 76.167 kr. á mánuði.
- Framfærsla námsmanna erlendis miðast við grunnframfærslu þar sem skólinn er staðsettur. Sjá [fylgiskjal II](#) í úthlutunarreglum LÍN.
- Hafi námsmaður barn/börn á framfæri undir 18 ára aldri er tekið tillit til þess.

Áhrif tekna

Tekjur á árinu geta haft áhrif til lækkunar á namslán, þar með talið skólagjaldalán og önnur lán.

Tekjur umfram **fritekjumark** dragast fyrst frá framfærsluláni. Ef tekjur eru það háar að þær eyði út framfærsluláni byrja **skólagjaldalánin að skerðast**. Sjá upplýsingar undir [Áhrif tekna á námslán](#).

Sjá einnig:

- [Áhrif tekna á námslán](#)

Með kveðju,
f.h. LÍN,
Nótt Aradóttir

Vinsamlegast sendið allan póst á lin@lin.is



Upplýsingar Á vefsvæðinu www.lin.is er að finna almennar upplýsingar um námslán og jöfnunarstyrki, umsóknir, úthlutunarreglur og afborganir námslána. [Mitt svæði](#) er einkavefsvæði viðskiptavina LÍN. Þar geta námsmenn og greiðendur sent inn umsóknir og séð persónulegar upplýsingar um stöðu námslána sinna.

Fyrirvari Þessi tölvupóstur og viðhengi gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar, eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafi sending þessi ranglega borist yður, vinsamlegast tilkynnið sendanda það, gætið fyllsta trúnaðar og eyðileggið sendinguna.

Frá: Signy Sigurdardóttir <signy.sigurdardottir@gmail.com>

Dags: 18/05/2016 11:48:01

Til: lin@lin.is

Efni: Upphæð útláns sem byggir á einingafjölda?

2.3 Námslengd

Hver námsmaður getur fengið námslán fyrir allt að 540 ECTS-einingum samanlagt með þeim takmörkunum sem leiðir af skiptingu lánsréttar milli námsstiga. Í gr. 2.3.1 – 2.3.5 er gerð nánari grein fyrir skiptingu láns-réttar milli námsstiga.

2.3.1 Grunnám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 180 ECTS-einingum í grunnnámi. Með grunnnámi er átt við sérnám, grunnháskólanám og einkanám í tónlist.

2.3.2 Meistaránám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum í meistaránámi eða sambærilegu námi að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir fjögur ár. Allt að eins árs starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera nám á meistarastigi.

2.3.3 Doktorsnám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum í doktorsnámi. Hafi námsmaður ekki fullnýtt svigrúm sitt skv. grein 2.3.2 er heimilt að nýta eftirstöðvar þessar lánsheimildar til doktorsnáms.

3.1 Grunnframfærsla

3.1.1 Grunnframfærsla á Íslandi

Grunnframfærsla á námstíma á skólaárinu er miðuð við námsmann í fullu námi (60 ECTS-einingar á skólaárinu) og er sett fram í fylgiskjali I.

4.2.1 Einstaklingar sem búa í leigu- eða eigin húsnæði

Einstaklingur, sem býr einn í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð 10 125 kr. á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðis-kostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

4.2.2 Sambúðarfólk sem býr í leigu- eða eigin húsnæði

Námsmaður í hjónabandi eða skráðri sambúð sem býr í leigu- eða eigin húsnæði á rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar að fjárhæð 7 155 kr. á hverja ECTS-einingu vegna náms á Íslandi. Sambærilegt viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar í öðru landi er tilgreint í fylgiskjali II.

Signý Sigurðardóttir

Stórholti 19
105 REYKJAVÍK

Upplýsingar um greiðanda:

0707634359

Signý Sigurðardóttir

Reykjavík, 21. mars 2016

Ágæti lánþegi

Efni: Ítrekun vegna umsóknar um undanþágu frá fastri afborgun 2016.

Athygli þín er vakin á því að enn hafa umbeðin gögn ekki borist vegna umsóknar um undanþágu frá afborgunum námslána.

-Staðfesting á lánshæfum námsárangri haustönn 2015.

-Staðfesting á skráningu í lánshæft nám á vorönn 2016.

Minnt er á að eftirfarandi komi fram á umsókn: Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir gjalddaga afborgunar. Við mat á því hvort umsækjandi telst vera í verulegum fjárhagsörðugleikum er litið til tekjuviðmiða sem koma fram í úthlutunarreglum sjóðsins hverju sinni. Hjá hjónum/sambúðarfólki er jafnframt tekið mið af tekjum maka.

Vinsamlegast sendu umbeðin gögn innan viku frá dagsetningu bréfs þessa. Unnt er að senda gögn í tölvupósti á netfangið lin@lin.is eða senda til Lánasjóðsins, Borgartúni 21, 105 Reykjavík.

Vinsamlega athugaðu að umsókn sem bíður afgreiðslu frestar ekki innheimtuferli. Ef undanþága er samþykkt og lántaki hefur þegar greitt viðkomandi afborgun, endurgreiðir LÍN gegn því að staðfestingu á greiðslu sé framvísað.

Virðingarfyllst,
Lánasjóður íslenskra námsmanna